

Sigríður Albertsdóttir

Kennsluleiðbeiningar við

Parísarhjól
eftir Sigurð Pálsson

Mál og menning
2000

Hluta af þeim verkefnum sem hér eru tínd til notaði ég við kennslu á **Parísarhjól** eftir Sigurð Pálsson árið 1999-2000. Bókina kenndi ég í 14 kennslustundum, tveimur samliggjandi stundum sem hvor um sig tók 40 mínútur. Stundunum má hins vegar hæglega fjölga því gera má ráð fyrir að kennurum finnist yfirferðin í einstaka kennslustundum of yfirgripsmikil og því hægur vandi að bæta tveimur stundum eða fleiri við. Næg eru umræðuefnin.

Nemendur mínir voru í hægferð og því er ef til vill farið of náíð í söguþráð að einhverra mati. En bókina má að sjálfsögðu kenna á styttri tíma og einblína á aðalatriðin, þema, persónusköpun, byggingu, tákn, vísanir o.fl.

Kennslan fór aðallega fram í fyrirlestra- og spurnarformi. **Parísarhjól** höfðaði vel til nemenda og oft mynduðust fjörugar og heimspekilegar umræður og hugleiðingar um efni bókarinnar. Ég forðaðist að falla í þá gryfju að mata nemendur á hverjum kafla fyrir sig, en tók fyrir ákveðinn fjölda síðna á viku, skoðaði með nemendum aðalatriði og áleitni umhugsunarefni. Eftir þá umfjöllun fengu nemendur spurningablöð sem þeir áttu að vinna heima en í spurningunum leitaðist ég við að spinna saman beinar efnisspurningar, bókmenntahugtök og túlkun. Þessar spurningar, ásamt ritgerðarefnum og skyndiprófum, fylgja með kennsluleiðbeiningunum.

Áður en hin eiginlega kennsla hófst spurði ég nemendur hvort syrgjendur væru í bekknum. Í ljós kom að í einum hópi voru fimm syrgjendur og einn hafði nýlega misst móður sína. Mér fannst ástæða til að tala einslega við þessa nemendur og benda þeim á að efni **Parísarhjóls** gæti orðið sársaukafullt þar sem aðalsöguhetjan hefði nýverið misst náinn ættingja. Ég tjáði þeim að við færum í gegnum sorgarferlið og í framhaldi af því bauð ég nemendum að þeir mættu ganga úr tíma ef þeim fyndist efnið of nærgöngult og leita til mín í framhaldi af því. Í ljós kom að nemendur þurftu á hvorugu að halda heldur mættu í sérhvern tíma og töluðu um að bókin hefði stutt þá í gegnum sárustu sorgina.

Ekki er hægt að búast við að allir kennarar kæri sig um slík samskipti við nemendur en þegar verið er að kenna óhörnuðum ungmönnum jafn

„erfiða” bók og **Parísarhjólíð** tel ég nauðsynlegt að undirbúa nemendur á þennan máta. Þannig getur lestur bókarinnar virkað sem stuðningur um leið og yndislestur, ekki aðeins fyrir nemendur sem misst hafa einhvern heldur einnig fyrir þá sem upplifað hafa annars konar missi, s.s. skilnað og ástarsorg.

Markmið kennslunnar er þrjúþætt:

- a) Nemendur vinna með sorgarferlið í verkefnum og/eða hópvinnu. Markmiðið er að nemendur átti sig á því út á hvað sorgarferlið gengur og hvernig og hvort hægt er að vinna sig í gegnum það.
- b) Að æfa nemendur í ritun. Kennari útbýr nokkur verkefni (sjá síðar) og hver og einn nemandi velur sér ákveðið verkefni, ýmist einn eða í hópi, og skilar skriflega til kennara.
- c) Að æfa nemendur í munnlegri tjáningu og þá er vinnsluferlið svipað og í markmiði b).

Kennsluáætlun

Það var misjafnt hve margar blaðsíður ég lét nemendur lesa í hverri viku en fyrstu vikuna lét ég þau aðeins lesa fyrstu 42 síðurnar.

I. VÍKA

1. kennslustund

- a) Sigurður Pálsson er kynntur fyrir nemendum. Hann er af mörgum talinn eitt fremsta ljóðskáld þjóðarinnar og **Parísarhjól** er fyrsta skáldsaga hans. Aftast í kennsluleiðbeiningum er Curriculum vitae fyrir þá kennara sem vilja fara náð í feril Sigurðar.
- b) Eftir kynningu á höfundu les kennari nokkur valin ljóð úr ljóðabókum hans og í framhaldi af því eru nemendur beðnir um að benda á ljóðræn einkenni í **Parísarhjól**. (Þeir koma auga á þau þegar á fyrstu síðu!) En átta nemendur sig á andrúmslofti sögunnar? Hvernig hin ljóðræna framsetning skapar tilfinningu fyrir líkamlegri nálægð svo og djúpri sorg aðalpersónunnar?
- c) Kennari les fyrir nemendur senuna úr **Egils sögu** þegar Þorgerður kemur til Egils í lokrekkjuna eftir dauða Böðvars og les fyrsta erindi úr **Sonatorreki**. Nemendur hugleiða það erindi með kennara og velta fyrir sér samskiptum Egils og Þorgerðar. Í framhaldi af þessu er tilvalið að efna til kappæðna milli nemenda þar sem annar hópurinn setur sig í spor Egils, hinn í spor Þorgerðar. Á Egill rétt á að deyja - það er jú hans val? Er inngríp Þorgerðar frekja eða nauðsyn? Hvað myndu nemendur gera í svipuðum sporum? Hvað segir þessi sena okkur um þau Þorgerði og Egil? Hvort er sterkara? Er nauðsynlegt að grípa fram fyrir hendurnar á syrgjendum? Eða hvað?
- d) Kennari kynnir sögumanninn, Viktor Karlsson, og myndar strax brú á milli hans og Egils. Báðir eru þeir listamenn og nota listina til að vinna sig að einhverju leyti frá sorginni. Viktor á sér einnig bjargvætt líkt og Egill, Viðar æskuvinninn en það er hann sem fær Viktor til að taka að sér að myndskreyta nýja útgáfu að **Sonatorreki**. Þannig er Viðar nokkurs konar persónugervingur Þorgerðar, þvingar Viktor til að halda áfram að lifa þótt Viktor langi mest til

að deyja líkt og Egil forðum. Viðar snýr á Viktor eins og Þorgerður í lokrekkjunni þegar hún fékk Egil til að tyggja söl og drekka mjólk.

2. kennslustund

a) Sorgarferlið kynnt:

- Vantrú
- Doði
- Reiði
- Lokun
- Endurupplifun
- Þörf til að láta sig hverfa
- Ef ... hvað þá?
- „Sáttin”

Nauðsynlegt er að benda nemendum á að syrgjendur geta verið staddir á fleiri en einum stað í sorgarferlinu. Má finna fleiri einkenni sorgar hjá Viktori en getið er hér að ofan? Hvar er Viktor staddur í upphafi bókar? Hann er reiður!

b) Bókmenntahugtök:

- 1. Frásagnaraðferð:** Brotakennd. Sagan er sögð í 1. persónu og slíkt sjónarhorn býður upp á ákveðið hugarflæði, þ.e. skapar það rými fyrir flakk í tíma og upplifun og innlifun einnar persónu. Á einum stað er Viktor staddur í París í nútímanum, á öðrum í París eða Reykjavík í fortíðinni. Undirstrikar frásagnarhátturinn brotakennda sjálfsmynd Viktors?
- 2. Umhverfi:** Reykjavík, París og sveitahótel í Frakklandi. Í tengslum við umhverfið er tilvalið að efna til umræðna um hvort það geti talist hluti af umhverfi ef hugleiðingar því tengdar fara einungis fram í huga sögupersóna. Viktor er staddur í París allan tímann en hugsar stöðugt heim.

3. Innri tími: ca. tveir mánuðir. Minnst á að þegar Viktor er kominn í tímahrak með verkefnið ákveður hann að læra eitt erindi af **Sonatorreki** á dag (25 erindi - 25 dagar).

Ytri tími: Árið 1997. Ytri tíma er auðvelt að finna því Viktor er fæddur 1968 og er 29 ára þegar sagan hefst.

4. Þema: Sorg, ást og sátt?

c) Hvernig er upphafssena textans? Vælandi sjúkrabíll:

„Inni í sjúkrabílnum trúlega slösun og skelfing og skyndilega helltist yfir mig sama lostið aftur: sjónvarpsfréttin ... rauði Citroëninn ... þú. Seigfljótandi myndbrot frá síðustu dögum, alveg frá því það gerðist.” (7)

Frá þessari mynd fer sögumaður strax yfir í aðra mynd en þar sjáum við ungan, reiðan mann sem skilur ekki hvernig fólkið í kringum hann getur látið sem ekkert sé. Hér er strax gefið í skyn að eitthvað sé að; ungi maðurinn er brotinn og í miklu ójafnvægi og tveimur blaðsíðum síðar fer hann að tala um Lillýju, systurina sem var honum hjartfólgnust af öllu. Á þessu stigi málsins áttar lesandinn sig á að eitthvað hefur komið fyrir Lillýju en veit þó ekki alveg hvað gerðist.

Í upphafi bókar er Viktor staddur á mörgum stöðum sorgarferlis. Hann er reiður en einnig í afneitun og endurupplifun (rifjar dauða systurinnar upp aftur og aftur allt til enda bókar). Dæmi um afneitun: „Vil ekki muna hvað er langt síðan, vil ekki telja dagana, festa dagsetninguna í minninu, vil það ekki, samt festist hún ...” (9)

d) Hvað er Viktor að gera í París fyrir utan það að heimsækja bernskuslóðir og myndskreyta **Sonatorrek**? Er hann að flýja sorgina? Hugsanlega, en við sjáum strax á fyrstu síðu að það er ekki hægt. Sorgin fylgir honum hvert sem hann fer, ekki síst í París þar sem þau systkinin bjuggu þegar þau voru lítil.

e) Sjá hvernig Viktor býr. Fábrotið og án allra tækja. Af hverju? Er það vegna þess að hann vill vera í friði eins og syrgjenda er oft síður eða minna tæki hann á Lillýju? (sjónvarpsfréttin). Hann virðist gera sér grein fyrir hvað hann

er orðinn laustengdur tilverunni og fer á frönskunámskeið til þess að hafa einhvern fastan punkt og einnig svo hann týni sér ekki alveg í myrkviðum sorgarinnar. Frönskunámskeiðið tengir hann einnig við fortíðina en syrgjendur þurfa oft að ná slíkum tengslum til að læra að lifa að nýju. Hafa tilhneigingu til að loka sig af eins og reyndar má sjá hjá Viktori fyrst í stað.

f) Persónulýsing á Viktori (bls. 13). Hann lýkur aldrei neinu. Lýkur ekki við setningar, ekki bækur eða dagbækur. Þannig hefur hann alltaf verið - eirðarlaus og rótlaus persóna sem ef til vill má tengja við slæmar aðstæður heima fyrir (sjá síðar).

g) Alex er kynntur til sögu. Sjá lýsingu á honum á bls. 25. Hann biður Viktor um að passa köttinn sinn um tíma. Kötturinn gegnir lykilhlutverki í sögunni og verðugt verkefni fyrir nemendur er að finna það hlutverk. Er hann staðgengill Lillýjar, einhver til að hugsa um, einhver sem hægt er að deila hugsunum með? Hugsanlega, enda spáir Viktor mikið í hvaða nafn kötturinn eigi að fá. Nafnlaus köttur er ekkert frekar en nafnlaus manneskja. Viktor gefur honum að endingu nafnið Daguerre (sjá nánar í ítarefni síðar).

h) „Lillý, þú varst líkust mér af öllum,“ segir Viktor í upphafi þriðja kafla. Fer síðan að tala um hina systur sína, Finnu, sem er af allt öðru sauðahúsi. Hvernig lýsir hann henni? Hún er feit og tæplega fertug og Viktor segir að hún sé af ónýtu kynslóðinni. Hvað meinar hann með því? Hverjir tilheyra hvaða kynslóðum? Hippakynslóðinni, pönkkynslóðinni, týndu kynslóðinni? Hvaða kynslóð tilheyra nemendur? Geta þeir skilgreint það?

II. VÍKA

3. kennslustund – verkefnavinna

Hér er nemendum skipt í 6 hópa sem fá eitt verkefni hver. Í lok tímans skila nemendur munnlegri eða skriflegri greinargerð.

Verkefni (bls. 1-32)

1. Hversu mörg dæmi um sorgarviðbrögð má finna hjá Viktori á fyrstu síðum bókar? Hafa nemendur upplifað álíka aðstæður?
2. Finnið ljóðræn einkenni á fyrstu síðum, s.s. myndhverfingar, líkingar, persónugervingar, vísanir, tákn og fleira.
3. Finnið dæmi um sorg Viktors, hvernig hún birtist og í hvaða samhengi.
4. Hvaða hlutverki gegnir kötturinn?
5. Í tengslum við hippakynslóðina: Hafa nemendur hugsjónir? Ef svo er, hverjar?
6. Er eitthvað til sem heitir kynslóðabil? Hvernig lýsir það sér?

4. kennslustund

spurningar bls. 1-42

Nemendur svara í kennslustund og ef tími gefst til fer kennari yfir svörin með nemendum í lok tímans.

1. Hvað heitir aðalpersóna sögunnar?
2. Hvað undirstrikar frásagnarháttur sögunnar?
3. Hver er Viðar og fyrir hvað stendur hann?
4. Hvernig býr aðalsöguhetjan og af hverju nýtur hann þess að vera án tækja?
5. Nefndu tvö atriði sem eru lík með aðalpersónunni og Agli í **Egils sögu**.
6. Fljótlega eftir komuna til Parísar hittir aðalsöguhetjan mann sem á eftir að gegna stóru hlutverki í sögunni. Hvað heitir hann og hvað biður hann sögumann að gera fyrir sig?
7. Sögumaður er staddur á mörgum stigum sorgarferlis. Nefndu tvö til þrjú atriði.
8. Í þessum fyrstu köflum fáum við dálitla persónulýsingu á aðalsöguhetjunni. Hvert er eitt helsta einkenni hans?
10. Við hvað starfar hann?
11. Hvort er sagan sögð í 1., 2. eða 3. persónu?
12. Hvernig lýsir Viktor Finnu systur sinni?
13. Af hvaða kynslóð er Finna og hvernig talar Viktor um þá kynslóð?

14. Viktor byrjar að teikna. Hvað teiknar hann fyrst?
15. Viktor ákveður hvaða leið hann ætlar að fara að verki sínu (myndskreytingunni að **Sonatorreki**). Hver er hún?
16. „Mjög erum tregt/tungu að hræra”. Hvað segja þessi orð Egils Skallagrímssonar okkur?
17. Viktori finnst gott að láta sig hverfa í mannhafið? Hvers vegna?
18. „Augu hafa mæst”. Hvað gerist oft í kjölfar slíks atburðar?
19. Á einu tímabili í lífi sínu þældi Viktor mikið í skótaui fólks. Af hverju?
20. Hvað segist hann vera búinn að teikna margar myndir af Lillýju?
21. Hann fær leyfinúmer til að komast inn til sín. Það er númerið LS28TD. Hann hefur áhyggjur að hann muni gleyma því en finnur síðan aðferð til að muna það? Hvaða aðferð er það?
23. Hverjir eru bestu fagurfræðikennarar mannkyns að mati Viktors?

III. VÍKA (bls. 42-51)

5. kennslustund

- a) Athuga vel upphafsorð 6. kafla: „Hvers vegna þú en ekki ég? Einföld spurning, heimskuleg kannski, en sár. Ég má ekki hugsa þessa spurningu, verð að gæta mín að hugsa hana ekki, þá flæðir sviðinn eins og bensíneldur um hugann.” (42)
- b) Viktor reynir að ýta sorginni frá sér af því það er svo sárt að hugsa - og muna. En því lengra sem hann reynir að kasta sorginni burtu, því meira man hann. Og sorgin er svo djúp, því ástin var svo heit. Viktor og Lillý voru eins og tvíburar, óaðskiljanleg. Þau bralla ótrúlegustu hluti saman, sbr. kvöldið áður en hún deyr. Þá sitja þau yfir glasi af camparí og spjalla saman í farsíma!
- c) Samskipti Viktors við foreldrana. Hvernig eru þau? Sjá bls. 43 og 44. Pabbinn segir: „Veistu, hver maður sem eitthvað veit og getur í lífinu á þrjár konur.” (44) Hvað segja þessi orð um föðurinn? Að hann sé bæði ístöðulaus og sjálfelskur? Hann er einnig drykkfelldur og stöðugt að svíkja. Lofar af áfergju en svíkur allt jafnóðum. Hann lofar Viktori hesti en hestinn fær hann

aldrei. (45) Móðirin er taugaveikluð og sjúk eftir samvistir við eiginmann sinn og slæmar bernskuminningar hafa litað allt líf Viktors. Það birtist m.a. í einbeitingarskortu, því að hann lýkur aldrei við neitt og á erfitt með að mynda nán tengsl. Ræða orð Viktors bls. 45: „Sorgin kennir okkur að lesa hluti sem við vildum að hefðu aldrei verið skrifaðir.” Hvað meinar Viktor með þessum orðum? Að allir menn neyðist einhvern tímann til að takast á við erfiða hluti hvort sem þeim er það ljúft eða leitt. Annað umræðuefni: Hvar fréttir Viktor af slysinu? Hann sér það í sjónvarpinu og það hafði ekki náðst í hann vegna þess að hann var í rúminu hjá ókunnri konu á Lindargötu. Er hann með sektarkennd yfir því að hafa ekki verið heima? Hvernig bregst hann við?

- d) Á bls. 47 er Alex lýst. Hann er manneskja sem spyr mikið en hlustar ekki á svörin. Enn ein tenging Viktors við umheiminn, þ.e. hann nær ekki sambandi.

6. kennslustund

- a) Skyndilega fer Viktor að rifja upp eitthvað í tengslum við Maríu vinkonu Lillýjar. Hvernig er henni lýst? Með rautt flagnandi naglalakk, þunglyndisleg augu, steingrá að lit. Með sjarmerandi bros og hefur sömu augnumgjörð og Alex. Ilmvatnslyktin er hennar helsta einkenni og hún gengur alltaf í pelsi. Hún var kærasta Viktors um tíma og hann segist ekki skilja hvers vegna. Er það dæmigert fyrir Viktor – að flækja sig í aðstæður sem hann fær ekkert við ráðið? Ef svo er hvers vegna? Hvernig skilur hann við Maríu? Í leigubíl og sambandsslitin eru aldrei rædd. Orsök skilnaðarins kemur reyndar ekki í ljós fyrr en á bls. 122 en tilvalið er að benda nemendum á hana hér.

Hópvinna:

Bekknunum er skipt í fjóra hópa. Tveir hópanna velta fyrir sér Viktori. Fylgir uppeldi og heimilisaðstæður mannum fram á grafarbakkan? Ef svo er hvað er það við uppeldisaðstæður Viktors sem hafa gert hann að þeim manni sem hann er?

Nemendur geri munnlega grein fyrir niðurstöðum sínum og ekki væri verra ef þau næðu að tengja aðstæður Viktors við sínar aðstæður eða annarra.

Hinir tveir hóparnir ræða æskileg samskiptamynstur foreldra og barna og hvaða mynstur sé líklegast til að koma manneskju “heilli” í gegnum lífið. Er ásætlanlegt að skilja við fyrrverandi ástvin án nokkurra orða eða útskýringa? Hvernig kemur Viktor fram við konur? Hvernig kemur hann fram við sjálfan sig og hvers vegna?

IV. VÍKA bls. 51-68

7. kennslustund

a) Viktor situr á veitingahúsi og les Eglu og alls staðar í kringum hann er fólk að reyna að heilla, tæla og hrífa. Þorgerður tælir Egil. Hvernig? Hún fær hann til að tyggja söl og drekka mjólk og tælir hann þar með út úr lokrekkjunni. Í framhaldi af þessu væri gaman af fá nemendur til að velta fyrir sér hugmyndauðgi kvenna í Íslendingasögum og hvernig þær með slægð sinni og útsjónarsemi björguðu mönnum eða bönuðu.

Viktor forðast fólk, forðast tælingu en allt í einu sér hann konu á næsta borði sem er að horfa á hann. Hún er í fjólubláum skokki, með dökkt liðað hár og augu sem eru dökk en ekki dimm. Hún brosir til Viktors og allt í einu uppgötvar hann að enginn hefur brosað svona til hans síðan hann kom til Parísar. Hann fer að ímynda sér samræður við konuna og allt í einu detta upp úr honum orðin: „Ég er ekki frá Ekvador”. Hvernig bregst konan við og hvernig má útskýra hin undarlegu viðbrögð Viktors?

b) Á bls. 61 fer Viktor að rifja upp atburð úr lífi hans og Lillýjar. Þau voru unglingar og lentu í slagtogi með „villingum”. Lillý ræðst á mann og lemur hann með naglaspýtu og þau skilja hann eftir í blóði sínu. Viktor kemur upp um strákana til að losa Lillýju við þessa brjálæðinga. Hann hlúir að Lillýju eins og Þorgerður að Agli forðum daga.

Umræðuefni

- a) Hvers vegna forðast Viktor fólk?
- b) Hvers vegna segir hann þessi undarlegu orð?
- c) Er útsjónarsemi og slægð sérkvenlegt einkenni?
- d) Af hverju hegðar Lillý sér eins og hún gerir og af hverju segir Viktor til strákanna?

Spurningar úr bls. 42-68

(Nemendur svara heima og skila í næsta tíma)

1. Hvað gerðu systkinin síðasta kvöldið áður en Lillý dó?
2. Lýstu þabba Viktors, gerðu grein fyrir afstöðu þinni til gjörða hans og hvaða áhrif þær hafa haft á líf Viktors.
3. Hvar fréttir Viktor af slysinu og hvernig verður honum við?
4. Lýstu Alex.
5. Hver er María, hvernig er henni lýst og hvaða hlutverki gegnir hún í lífi Viktors?
6. Hvaða orð segir Viktor við „fjólubláu konuna“?
7. Taktu afstöðu til sambands þeirra systkina út frá eftirfarandi orðum: „Teikning var sú fylling sem ég vildi að lífið hefði og glataði aldrei og það missti aldrei þessa fyllingu ef ég héldi áfram að teikna. Þig.” (64)

8. kennslustund (68-94)

- a) Sá sem Viktor á auðveldast með að sjá fyrir sér fyrir utan fjölskyldu sína er Viðar, en þeir hafa þekkt síðan í barnaskóla. Á yfirborðinu virðist Viðar vera algjör andstæða Viktors. Hann er ári á undan í skóla, þögull með sterkan vangasvip og lítur alltaf út fyrir að vera djúpt sokkinn í hugsanir. Hann er góður námsmaður sem lauk íslenskunámi á met tíma og er nú langt kominn í lögfræði. Hann er þó oft að undirbúa einhvern fíflagang (sjá t.d. bls. 69) og er því sérkennileg blanda af opinskáum og afar dulum manni. Foreldrar hans vildu að hann yrði yfirburðamaður en sjálfur leitar hann samneytis við utangarðsfólk. Þannig kynnast Viktor og Viðar; þegar Viktor er nýkominn frá Frakklandi og talar frönsku betur en íslensku.
- b) Viktor talar um afstöðu sína til náms. Hann fer í Myndlista- og handíðaskólann og í lögfræði á sama tíma. Hann veltir því fyrir sér hvort hann hafi óafvitandi verið að hliðra undan hugsanlegum mistökum og ósigrum með því að vera óháður, hlutlaus. En það gengur ekki því hann virðist vera myndlistarmaður af guðs náð. Hann fær tómmt hól frá kennurum sínum og aldrei meira en þegar hann gerir það sem hann kallar delluverk (sjá 75-78). Honum er alveg sama þegar hann fellur í lögfræðinni. Enn eitt dæmið um doða hans gagnvart lífinu?
- c) Þrátt fyrir þörf Viktors fyrir að vera einn eyðir hann löngum stundum á kaffihúsinu **Liberté** og bíður fjólubláu konunnar. Hann sér hana einu sinni en týnir henni í mannfjöldanum. Ath.: Liberté þýðir frelsi og það er einmitt Delphine sem frelsar Viktor í lokin, eða á a.m.k. stóran þátt í því.
- d) Einn daginn man Viktor ekki leyninúmerið sitt, sest inn á kaffihús og þá kemur Alex. Hann er eitthvað skritinn, stjarfur til augnanna, sjáöldrin víð og hann hlær að öllu og engu. Af hverju er hann svona skritinn?

Alex biður Viktor fyrir pakka til konu nokkurrar og þar með er Viktor kominn inn í undarlega hringrás sem hann fær lítið við ráðið.

- e) Í framhaldi af háttarlagi Alex er tilvalið að ræða dópneyslu við nemendur, þ.e. nota uppfræðsluhlutverkið til hins ýtrasta því í ljós hefur komið að nemendur hafa mjög undarlega og kæruleysislega afstöðu til eiturfylfa, halda því til dæmis mörg fram að hass sé skaðlaust!
- f) Viktor fer inn í kaþólska kirkju og kveikir á kerti fyrir Lillý. Sest niður og fær hrikalegt smakast og heldur að hann sé að kafna (afleiðing af stressi og sársauka?) Hann talar um andnað og tengir það löngu liðnum atburði þegar hann keyrði í hasti heim til föður síns staðráðinn í að drepa hann. Hann ákveður að segja: „Þú hefur gert Finnu að offitusjúklingi og mömmu að lyfjaalka.” Hann nær í hníf, gengur rólega inn í stofu ákveðinn í að stinga hnífnum í barka hans. Hann kemur að föður sínum sofandi. Í framhaldi af þessu er tilvalið að lesa fyrir bekkinn senuna á bls. 91. Þessi sára upprifjun og lífsreynsla virðist gefa honum kraft til að fyrirgefa: „Það er eins og ég sé klæddur úr þykkri yfirhöfn, þungri, kæfandi, angandi af heift. Flysjaður.” (93)

V. VIKA

9. kennslustund bls. 94-117

- a) Viktor á erfitt með svefn. Fer að velta fyrir sér frönskunáminu sem hann hefur vanrækt. Hann á eftir að skila ritgerð en hann hefur valið efnið: „Fjölskyldulíf á Íslandi.” Hvers vegna velur hann þetta efni? Írónísk tilvísun – hann átti ömurlega barnæsku.
- b) Alex býður Viktori í partí og þar með er Viktor kominn inn í eitt allsherjar kaos. Liðið sem Viðar umgengst er meira en lítið skrautlegt – undarlegar kvensur sem Viktor kallar Botticelli-systur, (hér væri gaman að segja örlítið frá Botticelli og sýna einhverja af myndum hans af bústnum konum), Sabrína sem dansar nakin í partíum og Símon maður hennar sem er heimspekingur og er að skrifa heimspekilega ritgerð um erótík. Hann minnir Viktor á Lúðvík

sem Viktor kynntist um svipað leyti og bjór var leyfður á Íslandi en sá vissi allt um súrrealisma (sjá bls. 112). Símon er einn þeirra sem hjálpar Viktori í átt til „sáttarinnar“ en hann kennir honum bæn sem hljóðar svo: „Guð, gefðu mér gleði, kjark og góða samvisku.“ (116) Þessi orð ásamt ráðleggingu gamals kennara ýta honum af stað út úr sorgarferlinu: Kennarinn segir honum að vera tilfinninganæmur en ekki tilfinningasamur.

- c) Ath. vel andstæður bls. 100: Viktor er plataður til að fara með einhvern seið því Alex segir partígestum að hann sé íslenskur galdramaður. Hann fer með ljóð úr **Sonatorreki** með miklum tilþrifum en hefur ekki fyrr lokið flutningi þegar farsími hringir. Hér rekast gamli tíminn og sá nýi harkalega á og ástæða til að ræða það nánar. Höfum við glatað tengslum við fortíðina? Er hraðinn orðinn svo mikill að við getum varla leyft okkur að hugsa eða njóta? Erum við orðin of firrt til að muna eitt eða neitt stundinni lengur? Ef svo er hvers vegna?
- d) Alex segist þurfa að redda einhverju. Redda hverju? Lesandi veit ekkert nema það að Alex hlýtur að vera í einhverjum vandræðum. Í ljós kemur að faðir Alex er nýdáinn. Hann hafði samt aldrei kynnst honum því faðirinn fór til Suður-Ameríku þegar Alex var enn í móðurkviði og gekk þar til liðs við skæruliðahreyfingu á síðari hluta sjöunda áratugarins. Alex hefur aldrei þolað suðurameríska dansa, s.s. sömbu, rumbu eða salsa, en nú spilar hann salsa allan sólarhringinn. Af hverju? Er hann að geggjast eða finnur hann allt í einu þörf til að nálgast „uppruna sinn“? Meira um Alex: hann selur blíðu sína konum, yfirleitt eldri konum og í því hlutverki notar hann nafnið Axel. Hann kaupir síðan blíðu hjá öðrum konum undir nafninu Alex og hefur þar með myndað lokaða hringrás peninga og losta. Allt í einu virðist þetta hjól vera hætt að snúast vandræðalaust og félögum Alex ber ekki saman um hvers vegna. Hann virðist hins vegar hafa rofið hringinn með því að hefja dópneyslu sem hann fjármagnar með því að gerast leikari í klámbransanum. Þar hefur hann lent í vandræðum sem félagarnir vita ekki hvort eru alvarleg eða ekki.
- e) Viktor fer út að borða með þessu liði en í miðri máltíð áttar hann sig á að hann á ekki næga peninga svo hann snarast út í næsta banka. Hann tekur út peninga og einmitt þá kemur „fjólubláa“ konan út úr myrkrinu. Hann heilsar

henni og er í sjöunda himni og segist hafa verið að bíða eftir að hitta hana. Hún lætur hann hafa símanúmer sem hann skrifar á peningaseðil. Hún segist heita Delphine og hverfur aftur út í myrkrið (þetta atriði má í lokin tengja við mystíkina sem fylgir henni). Þegar Viktor kemur heim til sín um kvöldið áttar hann sig á að hann hefur borgað leigubílinn með sama seðli. Alltaf jafn seinheppinn!!

10. kennslustund Verkefnavinna

4 hópar

Verkefni 1: Berið saman mismunandi afstöðu Viðars og Viktors til náms.

Verkefni 2: Á bls. 77 er gert grín að listrýni á ísmeygilegan en um leið alvarlegan hátt. Á þessi gagnrýni rétt á sér eða ekki? Rökstyðjið.

Verkefni 3: Fjallið um upplifun Viktors í kirkjunni. Hvað verður til þess að hann er skyndilega leystur úr viðjum? Haldið þið að þetta sé algeng upplifun? Hafið þið upplifað eitthvað svipað?

Verkefni 4: Gerið grein fyrir aukapersónum sögunnar, hvaða áhrif þær hafa á líf Viktors og hvaða hlutverki þær gegna.

Í lok tímans skila nemendur skriflegum verkefnum sem lesin eru upp í upphafi næsta tíma.

Spurningar: (Nemendur svara heima og kennari fer yfir svörin með nemendum í næsta tíma á eftir).

1. „Göngum við afturábak gegnum lífið,” spyr Viktor sig á einum stað. Hvað meinar hann með þessum orðum?
2. „Ég tek eftir því á þessu stutta færi að ... er stjarfur til augnanna, sjáöldrin víð, hann hlær öðru hverju að öllu og engu. Það er engin vínlykt af honum, hann er ekki drukkinn.” Hverjum er Viktor að lýsa og hvað virðist vera að þessum manni?
3. Viktor kveikir á kerti inni í kaþólskri kirkju. Fyrir hvern?
4. Hvað gerist í kirkjunni og hvers minnst Viktor í framhaldi af því atviki?
5. Hvernig upplifir Viktor þessa lífsreynslu?
6. Lýstu Viðari, vini Viktors. Hvernig persóna er hann, hvernig var hann alinn upp og hvað varð úr honum?
7. Af hverju byrjaði Viktor að teikna sem ungur drengur?
8. Lýstu í örfáum orðum viðhorfum Viktors til náms.
9. Hvaða ritgerðarefni velur Viktor sér í frönskunáminu?
10. Ritgerðarefnið er írónísk tilvísun. Hvernig?
11. Hvernig kynnir Alex Viktor fyrir vinum sínum?
12. Viktor fer með vísu úr **Sonatorreki** fyrir veislugesti. Hvað gerist þegar hann er nýbúinn að flytja vísuna? Hér sjáum við andstæður, hverjar eru þær?
13. Nú kemur í ljós af hverju Alex gengur undir tveimur nöfnum – þ.e. ýmist Alex eða Axel. Hvers vegna?
14. Alex á í vandræðum. Lýstu þeim.
15. Hvað heitir „fjólubláa konan?”
16. Viktor skrifar niður símanúmer fjólubláu konunnar sem hann síðar glatar. Hvernig stendur á því?
17. Hver er Sabrína og hvaða athafnir stundar hún í partíum?
18. Lýstu Símoni og þeim áhrifum sem hann hefur á Viktor.

VI. VIKA (bls. 118 til loka)

11. kennslustund

- a) Farið yfir spurningar.
- b) Viktor fær skeyti frá Viðari sem vill vita hvernig verkefnið gengur. Og skyndilega finnst Viktori eins og hann hafi misst allt samband við þetta verkefni sem hann er að vinna við. Þó er hann búinn að læra **Sonatorrek** utan að. En hann nær ekki sambandi við sjálfan sig og því er ekkert undarlegt þótt hann nái ekki sambandi við vinnu sína.
- c) Á bls. 120 kemur í ljós hvað Viktor er gamall. Hann er 29 ára, finnst það fáránleg tala, fáránlegur aldur. Hvers vegna? Ath. hugleiðingar hans í tengslum við það. Skýra þessar hugleiðingar persónu Viktors?
- d) Viktor flækist frekar inn í klikkun Alex þegar hann biður Viktor að fara inn á tiltekið kaffihús með þau skilaboð til tveggja manna að hann sé farinn til Caracas. Viktor færir mönnunum skilaboðin og er eltur af öðrum mannanna en sá er albínói. Hann losnar úr klípunni með því að stinga sér inn í boð hjá skólafélögunum á frönskunámskeiðinu.
- e) Alex býður Viktori í partí – virðist vera snarruglaður og bullar tóma vitleysu. Þeir ganga af stað og hitta Delphine sem lofar að koma í partíið. Hún kemur og þau ákveða að yfirgefa staðinn. Þá kemur Alex askvaðandi og fer að tala um hvað kettir séu vitlausir. Í ljós kemur að Daguerre hefur álpast út um opinn glugga, dottið niður og drepist. Viktor fyllist viðbjóði á Alex, langar að drepa hann. Hvers vegna?
- f) Delphine og Viktor fara heim og elskast og lýsingin á ástarsenunni tengist **Sonatorreki**. Hvernig? Saltið og sölin (160).
- g) Skötuþjúin vakna og Delphine vill fara að leita að bíl sem hún kveðst hafa að láni. Bíllinn finnst og þau rekast á Alex sem kemur inn í bíllinn til þeirra. Þau hafa ekki ekið lengi þegar eiturgreynn Mercedes Benz birtist fyrir aftan þau. Alex fölnar og skipar Viktori að gefa í, gera eitthvað, stinga af. Þar með upphefst brjáláður kappakstur sem endar á því að Benzinn lendir með

miklum eldglæringum á brúarstólpa. Alex fer út úr bílnum og út úr sögunni (sjá ítarefni). Delphine heimtar að fara niður að strönd.

- h) Þau fara á lítið hótél. Í ljós kemur að ekki er allt með felldu í tengslum við Delphine. Hún vill skilja bílinn eftir, gleyma honum. Er alltaf annars hugar, dettur út og virðist stundum ekki vita hver hún er, hvar hún er eða af hverju. Og líkt og Alex hverfur hún sporlaust út úr sögunni. Í framhaldi af því fær Viktor óskiljanlegan vinnukraft og í lok sögunnar virðist „sáttinni” náð (sjá ítarefni).

12. kennslustund

Verkefnavinna:

Eins og áður er bekknum skipt í 4 hópa og fær hann 20 mínútur til að vinna verkefnið og 20 mínútur til að gera munnlega grein fyrir niðurstöðum sínum.

Hópur 1: Hver er munurinn á tilfinningasemi og tilfinninganæmi? Nefnið nokkur dæmi og tengið eigin reynslu.

Hópur 2: Viktor var uppreisnarseggur í æsku. Hvernig birtist það? Leggið persónulegt mat á hegðun hans.

Hópur 3: Er það galli á byggingu sögunnar að Alex og Delphine skuli hverfa sporlaust út úr sögunni? Ef svo er, hvers vegna?

Hópur 4: Hvað gerist í lokin? Er það sannfærandi að Viktor skuli skyndilega og fyrirvaralaust losna úr „álögum” sínum?

VII. VÍKA

13. kennslustund

Spurningar úr bls. 118 til loka. Nemendur svara í tíma og kennari fer yfir með nemendum.

1. Hvers vegna nær Viktor ekki sambandi við verkefni sitt?

2. Hvað er Viktor gamall? Ræddu í örfáum orðum hugleiðingar hans í tengslum við aldurinn.
3. Hvað kom fyrir köttinn Daguerre og hvernig bregst Viktor við?
4. Hvernig tengist lýsingin á ástarleik Viktors og Delphine **Sonatorreki**?
5. Viktor er lentur inni í hringiðu brjálæðis og tryllings sem tengist eiturgænum Mercedes Benz. Hvernig endar sú sena?
6. Dragðu fram tvö eða þrjú atriði sem sýna að Delphine er ekki öll þar sem hún er séð.
7. Samskipti Viktors við Delphine virðast gera honum gott. Hvernig?

14. kennslustund

Efni bókarinnar rætt og dregin fram þau atriði sem nemendum fannst athyglisverðust. Höfðaði bókin til þeirra? Ef svo er, hvers vegna? Ítarefni rædd í framhaldi af verkefnavinnu nemenda, þ.e.a.s. ef kennari kærir sig um. Hugsanlega vill hann skilja þær hugleiðingar eftir í kolli nemenda.

Ítarefni

- a) Nöfn sögunnar skipta miklu máli. **Delphine** þýðir höfrungur: bæði tákn fegurðar en einnig tákn hins sleipa, þess sem syndir til og frá og engin leið að festa hendur á. Nafn Viktors mætti tengja við enska orðið victory – sigur en Viktor hefur einmitt unnið sigur í lok sögunnar. Hann fer að vinna að nýju og sér og upplifir fegurð heimsins. Viktor býr á **rue du Regard** en nafnið á þeirri götu þýðir að horfa. Viktor er myndlistarmaður og meðtekur allt í gegnum augað, sér það sem aðrir sjá ekki. Viktor tengist einmitt raunveruleikanum í gegnum myndir, í gegnum hið sjónræna sbr. lok sögunnar. Hann myndar líka tengingar við allt en köttinn skírir hann **Daguerre** eins og götuna sem hann bjó við þegar hann var ungur drengur. Nafnið dettur honum í hug þegar hann minnst dauðastundar Lillýjar. Nafnahugleiðingarnar tengjast einnig Delphine, sem kannski heitir ekki

Delphine, heldur eitthvað annað. Um leið er hún aðeins hálf, tákn þess mystíska líkt og kötturinn sem alltaf fer eigin leiðir.

Hvernig tengjast kötturinn og Delphine og hvaða áhrif hafa þau á Viktor? Hann segir að kettir og fagar konur sem vita ekki af fegurð sinni séu bestu fagurfræðikennarar mannkyns. Þannig opna þau sýn Viktors á það fagra en hverfa jafnskjótt úr veröldinni og þau komu. Þau kenna Viktori að allt er í heiminum hverfult og vígja hann inn í lífið á ný hvort með sínum hætti. Í tengslum við þetta: sá sem fann upp ljósmyndina hét **Daguerre** en Viktor er alltaf með ljósmynd af Lilly á sér og heldur þar með dauðahaldi í sorgina. En þegar kötturinn dettur út um gluggann eru endalok ljósmyndarinnar upp runnin. Viktor neyðist til að skríða út úr greni sínu og hverjir hjálpa honum til þess? Í fyrsta lagi Alex, dópistinn, sem flækir Viktor inn í sína sjúklegu hringrás losta og ólífnaðar án þess að Viktor fái rönd við reist. Í öðru lagi Daguerre sem fær hann til að tengja líf við líf, í þriðja lagi Delphine sem í klikkun sinni opnar augu hans fyrir fegurð lífsins.

Viktor situr löngum stundum á kaffihúsinu **Liberté** sem þýðir frelsi eins og áður hefur verið minnst á en þar hittir hann Delphine sem síðar verður bjargvættur hans. Þegar hann er að flýja frönskukennararann (bls 36) álpast hann inn á **rue Sels**: „„Við hliðina á Daguerre götu”. Þannig man ég eftir að hafa svarað þegar ég var spurður hvar ég ætti heima.” (35) Hann man hins vegar ekki nafnið á götunni en finnur hana óvænt þarna. Og til að frönskukennarinn sjái hann ekki flýr hann inn í hótelinngang og þá fær hann það svar að ekkert herbergi sé laust. Til gamans má geta þess að þeir sem vel þekkja til ferils hins fræga pars Jeans-Pauls Sartre og Simone de Beauvoir vita að á þessu hóteli við **rue Sels** bjuggu þau um tíma í kringum seinna stríð! Enn ein tenging við listina!

- b) Viktor rammar sorgina inn með ljósmyndum í lokin og þar með er lögð áhersla á þá staðreynd að sorgin er ekki viðráðanleg fyrr en hún hefur tekið á sig ákveðið form.
- a) Brotthvarf Alex og Delphine. Skiptir það máli fyrir byggingu sögunnar? Já, en ekki í neikvæðum skilningi vegna þess að þau eru aukapersónur og afdrif

þeirra skipta engu máli. Þau þjóna einungis þeim tilgangi að varpa ljósi á aðalpersónuna og það eru þau sem tæla hana út úr greni sínu – vígja hana inn í lífið á ný. Þau þjóna sögunni, ekki sagan þeim. Aðalviðfangsefnið er Viktor og sorg hans, EKKI þau slæmu mál sem Alex er örugglega lentur í o.s.frv. Grundvallaratriðið er í raun hið sígilda jafnvægi á milli þess sem er sagt og hins sem er látið ósagt, spennan milli þess sem er hulið og þess sem er afhjúpað. Það að Delphine og Alex skuli hverfa fyrirvaralaust gefur sögunni meiri dýpt og vekur upp ýmsar spurningar sem vissulega er erfitt að svara en gaman að ræða. Hver verða hugsanleg afdrif Alex? Verður hann drepinn eða gengur hann í það verk sjálfur? Hver er Delphine? Er hún vændiskona? Er Delphine dulnefni hennar sem vændiskonu? (Dulnefni nota vændiskonur gjarnan til að vernda einkalíf sitt.) Í framhaldi af þessu mætti hugleiða hlutskipti vændiskonunnar: flóttu, angist, lífsháska, sjálfsfyrirlitningu o.fl.

- b) Heildarhreyfing verksins er frá einsemd til margmennis og síðan aftur yfir í einsemd. Sú einsemd er þó ekki sú sama og í upphafi vegna þess að aðalpersónan hefur lært eitthvað, unnið úr verstu krísunni. Sagan myndar þannig nokkurs konar hringrás sem lokast þó ekki vegna þess að Viktor er staddur á nýjum stað í lokin. Nýtt upphaf blasir við.

Ýmsar prófspurningar

Krossaðu við rétt svar

1. Pabbi Viktors er alltaf að svíkja en það er dæmigert fyrir:
 vinnualka
 alkóhólista
 átvögl
 fráskilda pabba
2. Hver færir Viktori fréttirnar um dauða Lillýjar?
 Pabbi hans
 Viðar
 sjónvarpið
 útvarpið
3. Hvernig verður Viktori við þegar hann fær þessa fregn?
 Hann fer að gráta.
 Hann tekur æðiskast og brýtur allt og bramlar.
 Honum sortnar fyrir augum.
 Hann er algjörlega dofinn og finnur ekki fyrir neinu.
4. Viktor situr inni á veitingahúsi og les Eglu. Allt í kringum hann er fólk sem er að reyna að:
 spjalla við Viktor
 syngja
 heilla, tæla og hrífa
 borða spaghetí
5. Viktor hittir konu á veitingahúsi og fer að ímynda sér samræður við hana. Skyndilega detta upp úr honum eftirfarandi orð:
 „Ég er frá Íslandi.“
 „Ég er sorgmæddur og mér líður illa.“
 „Ég er ekki frá Ekvador.“
 „Ég er myndlistamaður.“
6. Þegar Viktor og Lillý eru unglingar lenda þau í slagtoggi með „villingum“. Þau reyna að ráðast inn í hús og Lillý lemur mann með naglaspýtu. Viktor hringir í lögregluna og kemur upp um strákana. Hvers vegna?
 af því að hann er svo heiðarlegur
 af því að hann er hræddur um Lillýju

- af því að hann hefur gaman af að spjalla við lögguna
- af því að hann er hræddur um að pabbi þeirra berji Lillýju

7. Hvað heitir sögumaður Parísarhjóls?

- Vilhjálmur Vilhjálmsson
- Viktor Jónsson
- Viktor Karlsson
- Viðar Alfreðsson

8. Hvaða nafn gefur sögumaður kettinum sem hann er beðinn fyrir?

- Egill Skallagrímsson
- Þorgerður
- Daguerre
- Delphine

9. Hvar var sögumaður staddur þegar fréttin af dauða Lillýjar kom í sjónvarpinu?

- Á kaffihúsi
- Hjá mömmu sinni
- Hjá Viðari
- Á Lindargötu

10. Hvar og hvenær er sögumaður fæddur?

- 28. ágúst á fæðingardeild Landspítalans
- 22. desember á fæðingarheimilinu í Reykjavík
- Í maí 1968 í París
- Í júní 1968 í París

11. Hverjum er svo lýst?

„ ... fylgdi mér eins og skuggi og spurði mig stanslaust um mína hagi, um hvaðeina. Greinilega einn af þeim sem leggst í spurningar eins og skriðsund, stoppar ekki heldur tekur sundtökin áfram jafnt og þétt. Upplýsingar um Ísland. Almennar spurningar. Abstrakt spurningar.“

- Símoni
- Viðari
- Alex
- Lúðvík

12. Ilmvatnslyktin var hennar helsta sérkenni. Við hvern er átt?

- Maríu
- Sabrínu
- Delphine
- Lillý

13. Hvað gerðu systkinin saman daginn áður en Lillý dó?

- Fóru á bar.
- Töluðu saman í farsíma og drukku campari.
- Horfðu á sjónvarpið og drukku bjór.
- Tóku myndir hvort af öðru.

20. Viktor asnast inn í búð og verður sér til skammar. Hvers konar búð er það?

- Klámbúð
- Undirfataverslun fyrir konur
- Kjörbúð
- Apótek

15. Viktor missir systur sína:

- í eldsvoða
- úr Aids
- í bílslysi
- hún fremur sjálfsmorð

16. Í kjölfar dauða Lillýjar fer Viktor:

- á heilsuhæli í Hveragerði
- til New York
- til Parísar
- vestur í Dali

17. **Parísarhjól** kallast á við aðra þekktu sögu. Hvaða saga er það?

- Laxdæla
- Grettis saga
- Egils saga
- Eyrbyggja

18. Hvað eiga aðalpersónur þessara tveggja sagna sameiginlegt?

- Þær eru báðar syrgjendur og yrkja ljóð.
- Þær syrgja og syngja í óperum.
- Þær eru báðar syrgjendur og listamenn.
- Þær syrgja og leggja hendur á fólk.

19. Hvað er aðalpersónan gömul?

- 25 ára
- 32 ára
- 29 ára
- 28 ára

20. Hverjir eru bestu fagurfræðikennarar mannkyns að mati sögumanns?

- Konur
- Heimspekingar
- Kettir og konur sem vita ekki af fegurð sinni
- Leiðsögumenn

21. Hver segir eftirfarandi orð og til hvers er vísað?:

„Inni í sjúkrabílnum trúlega slösun og skelfing og skyndilega helltist yfir mig sama lostið aftur: sjónvarpsfréttin ... rauði Citroëninn ... þú.”

- Viðar – dauða Maríu
- Viktor – dauða Lillýjar
- Alex – dauða Daguerre
- Delphine – dauða Alex

22. Lúðvík, gamall vinur sögumanns, vissi allt um:

- fornbókmenntir
- súrrealisma
- erótík
- töfraraunsæi

23. Ef maður nær ekki sambandi við sjálfan sig er erfitt að:

- vinna
- drekka
- ganga
- hlaupa

24. Merktu *satt* (S) eða *ósatt* (Ó) við eftirfarandi fullyrðingar:

- Aðalpersónan fær leyninúmer til að komast inn á hótélherbergið sitt.
- Aðalpersónan er 35 ára
- Besti vinur sögumanns heitir Vilhjálmur
- Parísarhjól er fyrsta skáldsaga Sigurðar Pálssonar
- Viðar er persónugervingur Þorgerðar í Egilssögu
- Í lok sögunnar ríkir ákveðin „sátt”
- Alex hlustar mikið á Bach
- Símon er afleysingakennari
- Sögumaður fékk lungnabólgu þegar hann var lítill drengur
- Viktor tengist raunveruleikanum að nýju í gegnum hið sjónræna
- Alex og Delphine tæla Viktor út úr „greni” sínu
- Alex, Delphine og Símon þjóna sögunni, ekki sagan þeim

25. Viktor var uppreisnarseggur í æsku. Hvernig birtist það?

26. Hvað táknar nafnið Delphine og hvernig tengist það nafn þeirri fullyrðingu hennar að kannski heiti hún eitthvað allt annað?
27. Taktu afstöðu til þess hvers vegna Alex hverfur jafn snögglega út úr sögunni og raun ber vitni. Skiptir skyndilegt hvarf hans einhverju máli og ef svo er hvernig og hvers vegna?
28. Hvert er þemað í **Parísarhjóli**?
29. Í sögunni er vísað í fornt kvæði. Hvaða kvæði er það og eftir hvern?
30. Hvað er sögumaður að gera í París?
31. Í sögunni eru hinum ýmsu stigum sorgarferlis lýst. Sögumaður er syrgjandi, hefur nýlega misst náinn ættingja. Nefndu þrjú dæmi úr sögunni sem sýna hvernig sorg hans birtist.
32. Lýstu heimilisaðstæðum sögumanns og hvernig þær hafa mótað líf hans og tilveru.
33. Hver er Símon og á hvern minnir hann? Lýstu honum í örfáum orðum.
34. „Rökkrið, dimman ... Í lokrekkjunni. Hún og hann. Lykt af sölum. Hafíð. Keimur af hafí.“ Um hvað er sögumaður að hugsa hér og hvernig tengist það atburðum sem síðar gerast í hans eigin lífi?
35. Aðalpersónan hittir konu á veitingahúsi og fer að ímynda sér samræður við hana. Hvaða skrítnu setningu segir hann og hvað heitir konan?
36. Hvaða hlutverki gegnir kötturinn sem sögumaður gætir?
37. Frásagnarháttur sögunnar er brotakenndur. Hvað undirstrikar það?
38. Nefndu tvö atriði sem eru lík með sögumanni **Parísarhjóls** og Agli í **Egils sögu**?
39. Fljótlega eftir komu sína til Parísar hittir Viktor mann sem á eftir að gegna stóru hlutverki í sögunni. Hvað heitir hann, við hvað starfar hann og hvaða áhrif hefur hann á líf Viktors?
40. Hvernig tengist Viktor raunveruleikanum á ný?
41. Lýstu byggingu sögunnar.

43. Hver er innri tími sögunnar?
44. Hver er ytri tími sögunnar?
45. Hvaða áhrif hefur það á framgang sögunnar að hún er sögð í 1. persónu?
46. Útskýrðu nafn bókarinnar með tilliti til innihalds hennar.

Sigurður Pálsson

Curriculum vitae

Sigurður Pálsson er fæddur 30. júlí 1948 á Skinnastað. Hann tók landspróf frá Hagaskóla árið 1963 og varð stúdent frá M.R. 1967. Hann stundaði frönskunám í Toulouse og París 1967-68 og nám í leikhúsfræðum og bókmenntum í Sorbonne 1968-73. Hann tók D.U.E.L.-gráðu og fyrri hluta Maîtrise-gráðu í leikhúsfræðum. Hann nam aftur við sömu stofnum árin 1978-1982 og lauk þaðan Maîtrise-gráðu og D.E.A. (fyrri hluta doktorsgráðu). Samhliða þessu stundaði hann nám í kvikmyndaleikstjórn við Conservatoire Libre du Cinéma Français og lauk lokaprófi þaðan.

Ritstörf og þýðingar hafa verið aðalverksvið Sigurðar um langa hríð þó hann hafi unnið á mörgum öðrum sviðum, svo sem við sjónvarp og kvikmyndir. Hann kenndi við Leiklistarskóla Íslands frá stofnun hans árið 1975 fram til ársins 1978. Hann hefur einnig unnið sem fréttaritari, leiðsögumaður og háskólakennari og var einn af Listaskáldunum vondu sem ruddu sér fram á sjónarsviðið við mikla eftirtekt þjóðarinnar árið 1976.

Hann var forseti Alliance Française frá 1976-78 og formaður Rithöfundasambands Íslands frá 1984-88.

Árið 1989 var Sigurður tilnefndur til Chevalier de l'Ordre des Arts et des Lettres (Riddari af orðu lista og bókmennta) af menningarmálaráðherra Frakklands. Fleiri viðurkenningar hefur Sigurður fengið en hann var útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur frá 1987-1990. Árið 1999 fékk hann bókmenntaviðurkenningu Ríkisútvarpsins, 1993 var ljóðabók hans **Ljóð námu völd** tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og **Ljóðlínuskip** til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 1995. Að auki hafa bækur Sigurðar oftast en einu sinni verið tilnefndar til Menningarverðlauna DV.

Sigurður hefur gefið út tíu ljóðabækur (1975-1999), eina skáldsögu og sjö leikrit hafa verið sviðsett frá 1975-1997. Fjórtán verk hefur hann þýtt úr frönsku (skáldsögur, ljóð, leikrit og ritgerðir) og auk þess eitt leikrit eftir Arthur Miller. Hann hefur leikstýrt þremur sjónvarpsmyndum, nokkrum sýningum í leikhúsi og framleitt tvær kvikmyndir í fullri lengd og hafa ljóð hans verið þýdd á frönsku, sænsku, ensku, dönsku, þýsku, búlgörsku, kínversku, ítölsku og spænsku.

Árið 1994 kom út útgáfa ljóða hans hjá Editions de la Différence í París í þýðingu Régis Boyer, deildarforseta skandínavísku deildar Sorbonne-háskóla.

Verk Sigurðar:

Ljóð:

Ljóð vega salt, 1975
Ljóð vega menn, 1980
Ljóð vega gerð, 1982
Ljóð námu land, 1985
Ljóð námu menn, 1988
Ljóð námu völd, 1990
Ljóðlínudans, 1993
Ljóðlínuskip, 1995
Ljóðvegasaftn (fyrstu þrjár ljóðabækurnar saman), 1996
Ljóðlínuspil, 1997
Ljóðtímaskyn, 1999

Skáldsaga:

Parísarhjól, 1998

Leikrit:

Hvað er í kokinu á hvalnum? (barnaleikrit unnið upp úr ævintýrum), 1975
Undir suðvesturhimni (leikrit með tónlist eftir Gunnar Reyni Sveinsson), 1976
Hlaupvidd sex, 1977
Miðjarðarför (eða innan og utan við þröskuldinn), 1983
Húsið á hæðinni (eða hring eftir hring), 1986
Hótel Þingvellir, 1990
Völundarhús, 1997

Sjónvarpshandrit:

Nóttin, já nóttin, 1989

Einþáttungur:

Dvínandi rödd, 1991

Útvarpsleikrit:

Klukknahringing, 1996

Óperutexti:

Tunglskinseyjan. Tónlist: Atli Heimir Sveinsson, 1995/1997

Þýðingar:

Fernando Arrabal: *...og þeir settu handjárn á blómin*, 1974
Arthur Adamov: *Prófessor Taranne*, 1976
Arthur Adamov: *Skopstælingin*, 1977
Jeanne Cordelier: *Þegar vonin ein er eftir*, 1978
Georges Feydeau: *Hótel Paradís*, 1981
Jean Genet: *Svalirnar*, 1982
Régine Deforges: *María og Margrét*, 1987
Jacques Prévert: *Ljóð í mæltu máli*, 1987
Michel de Ghelderode: *Escorial*, 1989
Michel de Ghelderode: *Þrír leikarar, eitt drama*, 1990
Yann Queffélec: *Gættu þín á úlfinum*, 1993
Jean-Christophe Bailly: *Að skoða málverk*, 1994
Marc Augé: *Goðsagnamálarinn Erró*, 1994

Paul Éluard: *Ástin, ljóðlistin og önnur ljóð*, 1995
Arthur Miller: *Horft frá brúnni*, 1998

Leikstjórnar í leikhúsi:

Jakob og meistarinn, e. Milan Kundera hjá Stúdentaleikhúsinu, 1984
Piaf, hjá Leikfélagi Akureyrar, 1985
Didó og Aeneas, hjá Íslensku hljómsveitinni, 1990

Leikstjórn í sjónvarpi:

Likamlegt samband í norðurbænum, 1981
Bleikar slaufur, 1985
Nóttin, já nóttin, 1989

Aðstoðarleikstjóri og framleiðandi myndar:

Á hjara veraldar, 1983

Framleiðandi:

Svo á jörðu sem á himni, 1992 en sú mynd var valin í úrvalsdeild Cannes-hátíðarinnar utan keppni (Sélection Officielle-Hors compétition) árið 1992 og hefur síðan unnið tíu verðlaun á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum.